

Yfirlit af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel

Tilgangur þessa yfirlits er að veita Alþingi upplýsingar um ýmis mál sem eru til umfjöllunar á vettvangi Evrópusamstarfsins í Brussel og varða Ísland með beinum eða óbeinum hætti, hvort sem er í gegnum EES-samninginn, Schengen-samstarfið um innanríkis- og dómsmál eða önnur samstarfssvið, s.s. utanríkismál. Yfirlitið er birt á vefsíðu sendiráðs Íslands í Brussel og er því einnig aðgengilegt hverjum þeim sem áhuga hafa á samskiptum Íslands við ESB. Stiklað er á stóru í einstökum málefnum og eftir atvikum fylgja krækjur í nánari umfjöllun erlendra miðla. Hafa ber í huga að yfirlitið er ekki tæmandi um þau málefni sem til umfjöllunar eru á hverjum tíma.

Meginhlutverk sendiráðs Íslands í Brussel er að taka þátt í rekstri EES-samningsins og Schengen af Íslands hálfu. Sendiráðið sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB, auk þess að eiga í margvíslegu samstarfi og samráði við stofnanir sambandsins á ýmsum málefnasviðum, innan sem utan EES-samstarfsins. Sendiráðið fylgist einnig með þróun mála varðandi útgöngu Breta úr ESB (Brexit). Upplýsingar varðandi Brexit berast utanríkismálanefnd Alþingis frá utanríkisráðuneyti. Jafnframt er bent á umfjöllun í erlendum miðlum á vefsíðum sem eru gefnar upp neðst í þessu yfirliti.

Almennar fréttir af EES og öðru Evrópusamstarfi Íslands

Ísland tekur við formennsku í fastanefnd EFTA

Um áramótin tók Ísland við formennsku í fastanefnd EFTA í Brussel en hún er skipuð sendiherrum EFTA-ríkjanna í EES. Helsta hlutverk hennar er að samræma afstöðu EFTA/EES-ríkjanna fyrir fundi með fulltrúum Evrópusambandsins í sameiginlegu EES-nefndinni. Við formenskuskiptin er birt yfirlit um fyrirhugaðar áherslur í starfi fastanefndar EFTA næsta hálfu árið. Slíkar áherslur mótast augljóslega að miklu leyti af þeim málum sem efst er á baugi hverju sinni í EES-samstarfinu. Yfirlit Íslands má finna [hér](#).

Höfuðáhersla er lögð á að gæta hagsmuna EES/EFTA-ríkjanna í tengslum við útgöngu Breta úr ESB, sem felur um leið í sér að Bretland verður ekki lengur aðili að evrópska efnahagssvæðinu. M.a þarf að gæta hagsmuna EES/EFTA-ríkjanna á innri markaðnum á meðan bráðabirgðatímabil í samskiptum ESB og Bretlands varir. Þá er einnig mikilvægt EES/EFTA-ríkin verði tengd við þá hluta útgöngusamningsins sem varða EES.

Hvað varðar sjálfan EES-samninginn þá er áfram lögð áhersla á að upptaka gerða í EES-samninginn gangi snurðulaust fyrir sig. Þessi misserin er lögð sérstök áhersla á að minnka upptökuhallann á gerðum sem varða framkvæmd eftirlits á fjármálamarkaði. Þá er það forgangsmál hjá Íslandi að styrkja hagsmunagæslu EFTA-ríkjanna í EES í þróun löggjafar og regluverks.

Í yfirlitinu kemur einnig fram að áhersla verður lögð á mál sem lúta að lofslags-, orku- og umhverfismálum. Fylgjast þarf vel með framvindu tillagna innan ESB varðandi endurnýtingu og úrvinnslu sem og löggjafartillögur í orkumálum, þ.m.t. um orkunýtni.

Ýmis konar löggjöf er í pípunum sem varða s.k. stafrænan innri markað og varða einnig EES-samninginn. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að upptöku almennu persónuverndarreglugerðarinnar í EES-samninginn en um er að ræða umfangsmestu

breytingar sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöfnni í tvo áratugi. Þá eru lagatillögur nú til umfjöllunar í ráði ESB og í Evrópuþinginu sem vel þarf að fylgjast með, t.d. um veföryggi og tillögur um endurskoðun löggjafar um evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC). EFTA/EES-ríkin sendu einmitt á síðasta ári frá sér skriflega umsögn um þá tillögu. Þá er mikilvægt að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað innan ESB á sviði vinnu- og félagsmála og að EES/EFTA-ríki komi að undirbúningi næstu áætlana á sviði rannsókna, nýsköpunar, mennta og menningar.

Undirbúningur og mótun ESB-gerða

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu senda skriflega umsögn varðandi skilmála um skýrslugerð fyrir skip.

EFTA-ríkin þrjú í EES sendu frá sér sameiginlega umsögn til ESB þann 17. janúar sl. EES um samráð við almenning vegna skýrslugerðaskilmála fyrir skip (*e. European Maritime Single Window environment*). Fagna ríkin þessum ráðstöfunum sem miða að því að draga úr stjórnýslubyrði og bæta skilvirkni sjóflutninga. Ríkin leggja áherslu á mikilvægi þess að skilmálar fyrir skýrslugjöf til landsyfirvalda verði hluti af framtakinu, til þess að samræma upplýsingar um komu skipa í hafnir. Ríkin ályktuðu að svo þessar reglur nái markmiði sínu verði að gera ráð fyrir að skýrslugjöf í einu landi sé fullnægjandi. Sjá nánar [hér](#).

Búlgaría í formennsku ráðs ESB fyrrihluta árs 2018

Búlgaría tók um áramótin við formennsku í ráði ESB, sem er sá vettvangur þar sem fulltrúar stjórnvalda aðildarríkjanna eiga sæti. Formennskutímabilið eru sex mánuðir. Að venju eru birtar áherslur og starfsáætlun fyrir næstu sex mánuði og er það [skjal aðgengilegt á vef formennsku Búlgaríu](#). Áherslur ráðsins um helstu verkefni koma miklu leyti saman við áherslur framkvæmdastjórnar ESB sem vikið var að í yfirliti um Evrópusamstarf í Brussel sem kom út í október sl. Sjá nánar um verkáætlun framkvæmdastjórnarinnar [hér](#).

Búlgaría mun leggja áherslu á framgang viðræðna um fjármálaáætlun ESB frá árinu 2020. Fjármálaáætlunin leggur grunn að fjárveitingum á vegum ESB sjö ár fram í tímann og snertir öll svið s.s. byggða- og landbúnaðarstefnu sambandsins, sem og áframhald á rannsóknar- og nýsköpunaráætlunum og menntaáætluninni Erasmus +.

Búlgaría hyggst vinna að því að renna styrkari stoðum undir Efnahags- og myntbandalagið (EMU) sem felur m.a. í sér endurbætur á löggjöf á fjármálasviðinu. Búlgaría mun nota formennskutímabilið til að beita sér fyrir því að tengsl ESB við ríkin á vestur-Balkanskaganum verði eflað enn frekar, þ.e. við Albaníu, Bosníu-Hersegóvínu, Kósovó, Makedóníu, Svartfjallaland og Serbíu. Er m.a. horft til þess að settur verði meiri þungi í þær viðræður sem í gangi eru um aðild þeirra að ESB. Þá má búast við að öryggismál í álfunni verði í brennidepli, þ.e. viðbrögð við hryðjuverka- og netógnum, og áfram unnið að því að styrkja ytri landamæri sambandsins. Búlgaría mun einnig stuðla að framgangi tillagna að löggjöf sem eiga að gera innri markaðinn heildrænan á hinu stafræna sviði.

Þess má geta að það ríki sem gegnir formennsku í ráði ESB hverju sinni heldur óformlegaráðherrafundi í sínu heimaríki, sem ráðherrum EFTA ríkjanna í EES er boðið á ef mál sem til umræðu eru heyra undir EES-samninginn eða Schengen. Hægt er að fylgjast með forsæti í ráðinu á vefsetri þess, <https://eu2018bg.bg/en/home>

Fréttir af fundum í Brussel

Ráðherrafundur í tengslum við Schengen-samstarfið

Hinn 7. desember 2017 fór fram í Brussel ráðherrafundur í tengslum við Schengen-samstarfið. Sigríður Á. Andersen, dómsmálaráðherra, sótti fundinn. Meðal þess sem ráðherrarnir fjölluðu um var tillaga að breytingu á reglugerð á evrópski stofnun (eu-LISA) sem sér um rekstur upplýsingakerfa á Evrópuvísu, þar á meðal Schengen upplýsingakerfisins, upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir og evrópska fingrafaragrunnsins. Á næstu misserum er gert ráð fyrir að stofnunin taki að sér rekstur tveggja nýrra upplýsingakerfa sem teljast þróun á Schengen, annars vegar upplýsingakerfi um komur og brottfarir útlendinga á Schengen svæðið (Entry/Exit System) og hins vegar evrópskt kerfi um ferðaheimild til handa útlendingum sem njóta vegabréfsáritunar til ferðalaga inn á Schengen svæðið (European Travel Information and Authorisation System). Á fundinum var einnig fjallað um verkefni um rekstrarsamhæfingu upplýsingakerfanna og var ráðherrum sýnt meðfylgjandi [myndband](#) til útskýringar á verkefninu og markmiðum þess. Baráttan gegn hryðjuverkum var jafnframt rædd, en samstarfslöndum Schengen var boðið að taka þátt í þeim umræðum þrátt fyrir að samvinna um baráttuna gegn hryðjuverkum teljist ekki meðal verkefna sem rúmast innan Schengen samstarfsins. Loks ræddu ráðherrar almennt um Schengen samstarfið og leiðir til að styrkja það.

Dómsmálaráðherra sótti einnig fund þann 6. desember þar sem internetið var til umfjöllunar (EU Internet Forum). Um er að ræða vettvang sem var settur á laggirnar árið 2015 til samráðs fyrir ráðherra Evrópuríkjanna, Evrópulögregluna (Europol) og tæknifyrirtæki um varnir gegn notkun internetsins til hryðjuverkastarfsemi og ofbeldisáróðurs. Á fundinum var farið yfir þann árangur sem náðst hefur og þau verkefni sem framundan eru. Sérstaklega var fjallað um hvernig betur megi draga úr og sporna við skaðlegu efni tengdu hryðjuverkum sem birt er á netinu og hvernig einkaaðilar geti komið að þeirri vinnu. Auk ráðherra Evrópuríkjanna sátu fundinn forstöðumenn nokkurra stærstu samfélagmiðlanna og lýstu þeir meðal annars örri tækniþróun sem nýtist vel í baráttunni gegn ofbeldisáróðri á netinu. Sjá nánar [upplýsingar á vef framkvæmdastjórnar ESB](#).

Fundur í sameiginlegu EES-nefndinni 15. desember 2017

Á síðasti fundi ársins tók sameiginlega EES-nefndin 40 ákvarðanir um upptöku alls 100 gerða í EES-samninginn. Þessi mikli fjöldi gerða þýddi að heildarfjöldi gerða sem þá biðu upptöku í samninginn, komst niður fyrir 500. Vissulega er sú tala ennþá há en hafa þarf í huga að mikill fjöldi hefur verið tekinn upp á árinu eða yfir 500. Um helmingur þeirra gerða sem bíða upptöku eru á sviði fjármálaþjónustu.

Á fundinn mætti fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB og ræddi vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar við fulltrúa Íslands, Noregs og Liechtenstein en hún tekur mið af því að það sér fyrir endann á núverandi tímabili framkvæmdastjórnarinnar og kapp lagt á að klára það sem hægt er en varpa þeim tillögum sem ekki muni nást árangur með fyrir róða.

Norðurslóðir

Hinn 19. janúar sl. bauð Karmenu Vella, framkvæmdastjóri sjávarútvegs- og umhverfismála ESB til fundar í tilefni útgáfu skýrslu um uppbyggingu og fjárfestingar á norðurslóðum. Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úr samráði framkvæmdastjórnar ESB við hagsmunaaðila, þ.m.t. Ísland, þar sem leitast var við að fá fram hvar þörfin liggur fyrir uppbyggingu og fjárfestingar á norðurslóðum. Samhljómur er um nauðsyn þess að fjárfesta í margs konar innviðum á norðurslóðum í takt við þarfir samfélaga á svæðinu, s.s í fjarskiptum og samgöngum. Á sama tíma eru aðilar sammála um að uppbygging og nýting náttúruauðlinda eigi að grundvallast á sjálfbærni. Skýrslan er hugsuð sem innlegg í umræðu innan ESB um fjárlagaáætlun sambandsins fyrir 2020-2027 og er ekki síst horft til þess að fá heildrænni sýn á fjárveitingar á norðurslóðum, hvort sem er til rannsókna eða uppbyggingu annarra innviða. Fulltrúi Íslands á fundinum gerði grein fyrir áherslum Íslands í þessu samhengi og lagði m.a. áherslu að efla þurfi samvinnu á sviði norðurslóðarannsókna og vöktunar til auka skilning á umhverfi norðurslóða og hvernig bregðast skuli við breytingu í náttúrunni. Jafnframt væri mikilvægt að tryggja öryggi á norðurslóðum með náinni samvinnu ríkja, þar sem lögð er áhersla á viðbúnað og viðbrögð gegn slysum og umhverfisvá. Einnig koma fram að leggja beri áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Skýrsluna má nálgast [hér](#) og upptöku af fundinum [hér](#).

Gagnlegar vefsíður

EFTA-skrifstofan: <http://www.efta.int/>

Eftirlitsstofnun EFTA: <http://www.eftasurv.int/>

Evrópuþingið: <http://www.europarl.europa.eu/portal/en>

Búlgaría í forsæti ráðs ESB: <https://eu2018bg.bg/en/programme>

Fréttir frá stofnunum ESB: https://europa.eu/newsroom/home_en

EU Observer: <https://euobserver.com/>

Politico: <http://www.politico.eu/>